



Þegar kalt er í veðri og stormur úti er gott að eiga góða úlpu sögðu Fóstbræður. Þetta vissi hestafólkið á myndinni sem dúðaði sig upp áður en sest var á bak í Kópavogi í gær skammt frá húsa- kynnum Hestamannafélagsins Sprettis. Stíllt en kalt var víða á landinu í gær en í dag er von á hvasvöldri. Það heldur áfram að bæta í kuldann þegar liður á vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Boðar sérstaka styrki til kennaranema

Menntamálaráðherra vinnur að frumvarpi til þess að veita kennaranemum sérstaka styrki úr LÍN. Ráðherrann segir kennaraskort blasa við, ef ekkert verði að gert. Fjöldi brautskráðra kennara sé einfaldlega ekki nægur til þess að mæta þörf. „Grafalvarlegt mál,“ segir Lilja.

MENNTAMÁL Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra segir róttækra aðgerða þörf til að auka aðsókn í kennaranám og bæta starfsumhverfi kennara. Ráðherrann ætlar að breyta námsfyrirkomulaginu þannig að starfsnám kennara á fimmta ári verði launað og búa þannig um hnútana að Lánasjóður íslenskra námsmanna greiði sérstaka styrki til kennaranema. „Hugmyndin er að það verði fjárhagslegur hvati úr Lánasjóðnum í afmarkaðan tíma til þess að auka aðsóknina í námið.“

Aðspurð segir hún aðgerðina ekki endilega þurfa að fela í sér mismunun gagnvart nemendum í öðrum greinum. Norðmenn hafi svipað fyrirkomulag um kennaranámið sem hafi mælst vel fyrir. Lilja stefnir á að lagafrumvarp um efnið verði klárt næsta haust. Þá vinni aðgerðahópur sem Lilja skipaði á dögunum að því að bæta starfsumhverfið, almennt. „Það er allveg ljóst að þróunin undanfarin ár er ískyggileg. Aðsókn í kennaranám hefur verið að minnka og þótt við höfum séð

Hugmyndin er að það verði fjárhagslegur hvati úr Lánasjóðnum í afmarkaðan tíma til þess að auka aðsóknina í námið.

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra



vísbendingar um smávægilega aukningu í námið á vorönn í fyrra þá er ljóst að fjöldi brautskráðra kennara er ekki nægur til þess að mæta nýliðun á öllum skólastigum. Auk þess er brottfall úr náminu mikið og námsframvinda kennaranema hægt. Við erum að horfa fram á kennaraskort og það er grafalvarlegt mál,“ segir Lilja.

Nýlegar tölur Hagstofunnar um hækkandi hlutfall leiðbeinenda í grunnskólum eru vísbending um að kennaraskortur sé þegar farinn að segja til sín. Samkvæmt ársskýrslu undanþágunefndar grunnskóla skólaárið 2017 til 2018 voru 434 umsóknir um undanþágu til þess að kenna í grunnskólum án tilskilinna leyfa teknar til afgreiðslu nefndarinnar. Þá er meðalaldur starfandi kennara há og útlit fyrir að margir reynslumiklir kennarar muni brátt hverfa frá kennslu vegna aldurs. – ósk

Vilja aukið eftirlit í kjölfar Braggamálsins

REYKJAVÍK Lagt verður til á borgarstjórnarfundum á morgun að fulltrúum í innkauparáði verði fjölgað og eftirlitshlutverk ráðsins eftt. Ráðið geti vísað málum til innri endurskoðunar borgarinnar.

Þá fengi ráðið nýtt nafn, eftirlits- og innkauparáð Reykjavíkurborgar. Í greinargerð með tillögunni segir að ljóst sé að ráðið hafi ekki hlotið áheyrn embættismanna og borgarráðs. „Þetta kemur svo sem í kjölfar þeirra mála sem hafa verið í umræðunni. Við í innkauparáði höfðum lengi reynt að fá útskýringar á Nauthólsvegi 100 en það gekk illa,“ segir Björn Gíslason, borgarfulltrúi. – jõe / sjá síðu 6

Fréttablaðið í dag

Halldór



SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson spyr hver sé munurinn á því að tala um lýðheilsu og einfaldlega bara heilsu. **9**

SPORT Íslenska liðið mætti ofjörlum sínum á HM. **12**

LÍFIÐ Fabrikkan kynnti nýja Svöluborgarann. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis



KJARAKAUP

Byrjaðu árið á nýjum bíl!





ALLT AÐ

500 GESTA

BORÐHALD

1.000 GESTA

STANDANDI VEISLUR

 Tales from Iceland 

518 4000 / info@tales.is

Veður



Austan 10-18 og snjócoma, fyrst suðvestan til. Dregur úr frosti, slydda eða rigning sunnan til síðdegis. Snýst í suðvestan 8-13 með skúrum eða éljum um landið suðvestanvert undir kvöld, en vaxandi norðaustanátt NV til. **SJÁ SÍÐU 18**

Ríkið vill fá staðfestingu á að það eigi Fell

DÓMSMÁL Íslenska ríkið hefur höfðað eignardómsmál til að fá viðurkennt eignarhald sitt á jörðinni Felli í Mýrdalshreppi. Stefna þess efnis var birt í Lögbirtingablaðinu fyrir helgi.

Ríkið gerir tilkall til jarðarinnar, ræktaðs lands, hlöðu undir súgþurrkun og annars sem jörðinni fylgir. Undanskilin eru mannvirki á svokölluðum landnemaspildum á borð við verkfærageymslur og sumarhús.

» Jörðin var lengi vel kirkjuförð en frægastur ábúenda er vafalaust Eldklerkurinn Jón Steingrímsson.

Í stefnunni er saga Fells rakin allt aftur til 12. aldar. Jörðin var lengi vel kirkjuförð en frægastur ábúenda er vafalaust Eldklerkurinn Jón Steingrímsson. Fell var síðast setið af prestri árið 1903. Ekki hefur verið búið á jörðinni um áratuga skeið en síðan 1988 hefur ríkið leigt jörðina út til skógræktarbænda.

Árið 2016 hugðist ríkið selja Skógræktarfélagi Reykjavíkur jörðina og fór því fram á það að eignarréttindum þess yrði þinglýst á Fell. Því hafnaði sýslumaðurinn á Suðurlandi. Kaupsamningi um jörðina var síðan vísað frá þinglýsingu á sömu forsendum.

Ríkið telur að jörðin hafi verið eign konungs frá 1554 og þar með síðar íslenska ríkisins. Það hafi ráðstafað jörðinni og leigt hana út og enginn gert athugasemdir við það um aldir. Hefur það því höfðað mál þetta til að fá það viðurkennt. Í stefnunni er skorað á hvern þann sem telur sig eiga rétt til jarðarinnar að mæta við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Suðurlands 20. febrúar til að sanna rétt sinn. Ella verði fallist á kröfur ríkisins. – jõe

Fyrirsætustörf við Sæbrautina



Þessir léttu og leikandi ferðamenn, og raunar fleiri víðs vegar um borgina, létu kalt veður í lofti ekki á sig fá heldur voru skapandi í fyrirsætustörfum í gær, þegar ljósmyndari Fréttablaðsins fór á stúfana. Þessi metnaðarfulla myndataka við Sæbrautina gekk vonum framur og uppskeran var ein ljómandi fin Instagram-mynd, til sönnunar um að Íslandsförið hafi verið ánægjuleg. Það er eins og sagt er, ein mynd segir meira en þúsund orð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Ragnheiður undir feldi

FÓTBOLTI Ragnheiður Ríkhardsdóttir, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokks, ihugar að bjóða sig fram til formanns KSÍ. „Ég er að velta þessu fyrir mér. Þetta er ekki grín. Það þarf að senda inn tilkynningu að minnsta kosti hálfum mánuði fyrir þingið sem er 15. febrúar þannig að ég er að kanna baklandið og velta málum fyrir mér,“ segir Ragnheiður sem greindi frá vangaveltum sínum á Facebook í gærkvöldi. Í stöðuuppfærslu segir hún að hún búi yfir stjórnunarreynslu og sé áhugamanneskja um knattspyrnu.

Áður hefur Geir Þorsteinsson tilkynnt um framboð gegn Guðna Bergssyni sem hefur verið formaður síðastliðin tvö ár. – ósk

Ragnheiður Ríkhardsdóttir.



Golfarar eru mótfallnir hringli með klukkuna

Golfsamband Íslands er enn á móti því að klukkunni sé breytt. Síðast þegar slíkar hugmyndir voru uppi mótmæltu kylfingar og Ícelandair einna harðast. Síðan hafa rannsóknir á líkamsklukkunni hlotið Nóbelsverðlaun í læknisfræði.

SAMFÉLAG Ekki liggur fyrir hvort afstaða Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ) til breytinga á klukkunni er sú sama nú og síðast þegar slíkt var til umræðu. Golfsamband Íslands (GSÍ) er aftur á móti enn þá ekki hrifnið af því að hringlað sé með tímann.

Ríkisstjórnin kynnti í liðinni viku til samráðs hugmyndir um aðgerðir til að bregðast við svefntíma þjóðarinnar en sá er almennt of stuttur. Tillögurnar byggja meðal annars á vinnu starfshóps um klukkuna sem heilbrigðisráðherra skipaði. Eftir talsvert hringli um hvar málið ætti heima var niðurstaðan sú að tíminn væri í höndum forsætisráðherra.

Tillögurnar nú eru þrenns konar. Í fyrsta lagi að klukkan verði færð í samræmi við legu landsins á jarðar-kringlunni og þar með seinkað um klukkustund. Í öðru lagi er til skoðunar að skólar og jafnvel fyrirtæki hefji starfsemi seinna á morgnana en nú gengur og gerist. Í þriðja lagi ihugar ríkisstjórnin að hafa óbreytta stöðu og ráðast í fræðsluáttak til að fá fólk til að fara fyrr á sofa. Hugmyndir um sumar- og vetrartíma eru ekki uppi á borðum.

Síðast þegar slíkar hugmyndir voru ræddar komu helstu gagnrýnisráðgjafar úr röðum ÍSÍ og GSÍ. Þá lagðist Ícelandair eindregið gegn þeim þar sem þá færi í vaskinn áralöng vinna við að helga sér afgreiðslutíma á erlendum flugvöllum. Síðan þá hafa rannsóknir á líkamsklukkunni meðal annars hlotið Nóbelsverðlaun í læknisfræði.

„Við höfum ekki tekið þetta til umsagnar eða umfjöllunar á ný og því liggur formleg afstaða ekki



Forseti GSÍ er opinn fyrir hugmyndum um sumar- og vetrartíma, en vill ekki missa klukkutíma úr deginum á golfvöllum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK



Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ.

fyrir,“ segir Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, en bætir því við að persónulega myndi hún ekki vilja breyta klukkunni. „Það þarf klárlega að skoða þetta út frá öllum hliðum. Framkvæmdastjórnin mun funda næsta fimmtudag og þar verður þetta eflaust rætt.“

„Síðast þegar þetta var rætt á

Alþingi þá skiluðum við okkar umsögn og hún er svo sem óbreytt,“ segir Haukur Örn Birgisson, formaður GSÍ. Þegar Fréttablaðið náði af honum tali var hann einmitt staddur erlendis á fimmtu braut.

„Ég kaupi rökin um að breyta þessu yfir vetrartímann en ég sé ekki þörfina á sumrin. Breytingin myndi skerða útverutíma á kvöldin eftir vinnu. Það myndi fela í sér töluvert tekjutap fyrir golfklúbba að missa klukkutíma af deginum. Sjálfur tel ég að við ættum ekki að slá strax út af borðinu hugmyndir um sumar- og vetrartíma,“ segir Haukur.

joli@frettabladid.is

BRIDS SKÓLINN



BYRJENDUR (STIG 1) **21. janúar** 8 mánudagar frá 20-23

ÚRSPILIÐ (STIG 3) **23. janúar** 8 miðvikudagar frá 20-23

STIG 1 Allir geta lært að spila en það tekur svolitinn tíma í byrjun að komast af stað. Á námskeiðinu er farið yfir leikreglur og grundvallarsagnir í hinu vinsæla Standard-sagnkerfi. Ekkert mál að koma stakur/stök.

STIG 3 Sögnum er lokið og útspilið komið á borðið. Þá er að standa við stóru orðin! Hvernig á að leggja á ráðin og spila eins og sannur meistari. Um það snýst námskeiðið. Ekkert mál að koma stakur/stök.



UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN

Í SÍMA **898-5427** Á NETINU **bridge.is**



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

LAND CRUISER ADVENTURE

aukahlutapakki að verðmæti 660.000 kr. fylgir



Verð frá: 8.150.000 kr.

Konungur jeppanna er aftur mættur til leiks í nýrri og veglegri sérútgáfu, Land Cruiser Adventure með fjallmyndarlegum aukahlutapakka sem toppar allt og tveggja ára þjónustupakka í kaupbæti.

Land Cruiser Adventure aukahlutapakki: 33" breyting, dráttarbeisli, húddhlíf og krómstútur á púst.
Heildarverðmæti: 660.000 kr.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Land Cruiser viðskiptavinum að kostnaðarlausu

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Adventure-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Segir alvarlegt ástand í grunnskólunum

REYKJANESBÆR „Margir kennarar eru að gefast upp á álaginu. Í haust eru dæmi um kulnun í starfi hjá kennurum þannig að fólk er komið í veikindafri eða er hætt að starfa í skólunum,“ segir Skúli Sigurðsson, fulltrúi grunnskólakennara á fræðslusviði Reykjanesbæjar.

Starfsáætlun fræðslusviðs ársins var til umræðu á síðasta fundi fræðsluráðs Reykjanesbæjar.

Bærinn hefur vaxið síðustu ár og börnum af erlendum uppruna í grunnskólum hefur fjölgað mikið. Sá hópur þarf oft meiri stuðning við nám en aðrir nemendur.

„Við trúnaðarmenn á Suðurnesjum viljum vekja athygli á því ástandi sem ríkir í grunnskólum á svæðinu. Eftir að hafa verið á fundi og rætt málin þá er samróma ályktun okkar að óeðlilegt álag sé

á kennurum og kemur það mikið niður á þeim,“ segir Skúli í harðorðri bókun í fundargerð.

Skúli segir að ein af ástæðum kulnunar í starfi sé úrræðaleysi í aðkallandi vandamálum. „Það er sveitarstjórnar að vinna í því að bæta ástandið í skólunum og hafa úrræði fyrir þá sem þurfa en ekki horfa framhjá vandamálinu og vona að það hverfi,“ segir Skúli. –sa



Reykjavík hefur breyst mikið á síðasta áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mega styrkja flokka meira

STJÓRN MÁL Hámarksframlög til stjórnmalasamtaka eru nú 550 þúsund krónur frá einstaklingum eða lögaðilum. Sé um stofnframlag til stjórnmalasamtaka að ræða má hámarksframlag nú vera allt að 1,1 milljón.

Við gildistöku breytinga á lögum um áramót breyttust þær fjárhæðir sem einstaklingar í persónukjöri og stjórnmalasamtök mega þiggja.

Einnig voru gerðar breytingar á upplýsingaskyldu stjórnmalasamtaka. Sú breyting felur í sér að ársreikningar og uppgjör stjórnmalasamtaka verða birt í heild sinni auk lista yfir lögaðila sem styrktu framboðin um meira en 300 þúsund krónur. –sa

Bjarni vill selja Íslandsbanka

EFNAHAGSMÁL Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að ríkið verði að draga sig út úr umfangsmiklu eignarhaldi á bönkunum, selja Íslandsbanka og halda eftir 35-40% hlut í Landsbankanum. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gær. Hann vonast til að hefja sölufrelsi bankanna á kjörtímabilinu.

Íslenska ríkið er eini eigandi Íslandsbanka og á rúmlega 98 prósent hlut í Landsbankanum. Í hvítbók um fjármálakerfið sem var kynnt fyrir júl voru stjórnvöld hvött til að losa um eignarhluti í fjármála-fyrirtækjum. –ósk

Fyrirhugað gjald á fiskeldisfélög ýmist sagt allt of hátt eða of lágt

Skiptar skoðanir eru á ágæti fyrirhugaðrar gjaldtöku á fiskeldisfyrirtæki. Gjaldið mun leggjast á framleiðsluheimild en ekki raunverulega framleiðslu. Mun skila milljarði en veiðifélög telja það ekki nóg.

FISKELDI Fyrirhugað gjald fyrir nýtingu eldisvæða í sjó er ýmist of hátt eða of lágt miðað við innsendar athugasemdir við fyrirhugað lagafrumvarp þess efnis.

Í drögum að frumvarpinu segir að eldisfyrirtæki muni þurfa að greiða tíu krónur fyrir hvert kíló af frjóum eldislaxi en helmingi lægri upphæð fyrir kíló af geldlaxi og regnbogasilungi. Árið 2023 mun upphæðin í báðum flokkum hækka um helming. Gert er ráð fyrir að löggin taki gildi 2020. Áætlað er að fyrstu árin muni gjaldið skila rúmum 600 milljónum í ríkiskassann en ríflega milljarði eftir að hækkunin tekur gildi.

Athygli vekur að gjaldið er ekki lagt á hvert framleitt kíló heldur á hvert kíló sem rekstrarleyfishafi hefur leyfi til að framleiða. Því er mögulegt að fyrirtæki muni þurfa að greiða fyrir framleiðslu sem ekki átti sér stað. „Ástæða þessa er sú að þessi aðferð er einföld í framkvæmd og hvetur rekstrarleyfishafa til að nýta framleiðsluheimildir útgefinna rekstrarheimilda,“ segir í athugasemdum með frumvarpinu.

Í umsögn KPMG segir að réttmæti gjaldstofnsins megi draga í efa enda taki hann ekki á nokkurn hátt mið af gjaldþoli gjaldandans. Gifurlega langur tími líði frá því að rekstrarleyfi fæst þar til tekjur myndist af starfseminni.

„Skattlagning framleiðsluheimildar óháð því hvort hún er nýtt samræmist illa sjónarmiði um verndun lífríkis, sem búa að baki gjaldtökunni, enda vandséð að heimildin ein hafi áhrif á lífríki til jafns við sjálft eldið,“ segir í umsögn KPMG. Á þetta er einnig bent í umsögn Samtaka fyrirtækja



Eldisfyrirtæki munu þurfa að greiða tíu krónur fyrir hvert kíló af frjóum eldislaxi. MYND/ERLENDUR GÍSLASON

» Athygli vekur að gjaldið er ekki lagt á hvert framleitt kíló heldur á hvert kíló sem rekstrarleyfishafi hefur leyfi til að framleiða.

í sjávarútvegi (SFS) en þar er bent á að það getur tekið mörg ár að hefja framleiðslu að fullu eftir að rekstrarleyfi fæst.

Í umsögn SFS er enn fremur bent á að greinin sé enn að slíta barnskónum og afkoma fyrirtækja í geiranum að stærstum hluta verið neikvæð. Til að mynda sé uppsafnað tap síðustu fimm ára 4,8 milljarðar króna. Óskynsamlegt sé að leggja auðlindagjald á meðan afkoman er á þann veg. Þá er víkið að því að óráðlegt sé að gjaldið sé ákveðið með fastri krónutölu en taki ekki mið af afurðaverði og gengi.

Tónninn í umsögn Landssam-

bands veiðifélaga (LV) er á annan veg. Sambandið telur frumvarpið varpa fyrir róða tækifæri til að lög-festa fjárhagslegan hvata til að færa eldi úr sjókvíum og upp á land.

„Fyrirhuguð upphæð í frumvarpsdrögumum [...] er alltof lág að mati LV. Upphæðina þarf að tvöfalda að lágmarki svo einhver hvati til breytinga hljóti af lögum. Þá gerir frumvarpið ekki ráð fyrir að gjaldið taki mið af verðlagsbreytingum,“ segir í umsögninni. joli@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

FIAT ATVINNUBÍLAR



FIAT DUCATO

Verð frá 3.943.548 án vsk.
4.890.000 m/vsk.

FIAT TALENTO L2H1

Verð frá 3.298.387 án vsk.
4.090.000 m/vsk.

FIAT DOBLO

Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.

FIAT FIORINO

Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI FIAT • ÞVERHOLTI 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

5ÁRA
ÁBYRGÐ

Pálmar Sigurpálsson,
nemandi Framabraut – Kerfisstjórnun.

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

– með tækninámi hjá Promennt



FRÆÐSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA



FJARKENNSLA
Í BEINNI



LÁNSHÆFT
NÁM

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

- Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa
- sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein.
- Mjög margir nemendur okkar hafa hafið störf á nýjum vettvangi eftir námið.

VIÐFANGSEFNI

Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA
• MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ – STARFSNÁM

Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Microsoft, Nýherja, Opin kerfi, Advania og Sensa. Nemendum gefst kostur á að fara í starfsnám tvisvar sinnum á námstímanum.

Hefst: **21. og 22. janúar 2019** • Lýkur: **Janúar 2020**

*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

TÆKNINÁM
mánudaginn
16. janúar kl. 17:30

AÐRAR LÁNSHÆFAR NÁMSBRAUTIR TÆKNINÁMS

- Netstjórnun – CCNA
Hefst: **21. og 22. janúar 2019**. Lýkur: **13. júní 2019**
- Kerfisstjórnun: MCSA+O365
Hefst: **29. janúar 2019**. Lýkur: **5. júní 2019**

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

PROMENNT

Vill fjölga fulltrúum í innkauparáði og auka eftirlitshlutverk þess

REYKJAVÍK Björn Gíslason, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í innkauparáði, hyggst leggja til að fulltrúum í ráðinu verði fjölgað. Þá geti ráðið vísað málum til innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar (IER) samþykki tveir fulltrúar í ráðinu slíka tillögu. Tillagan verður tekin fyrir á fundi borgarstjórnar á morgun.

Sem stendur mynda ráðið þrjú fulltrúar en verði breytingin samþykkt munu þeir verða fimm. Þá fengi ráðið nýtt nafn, eftirlits- og innkauparáð Reykjavíkurborgar. Í greinargerð með tillögunni segir að ljóst sé að ráðið hafi ekki hlotið áheyrn embættismanna og borgararáðs. Mál á borði ráðsins séu oft flókin og viðamikil. Með tillögunni sé stefnt að því að efla ráðið.



Braggamálið sé tilefni til þess að efla innkauparáð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Við í innkauparáði höfum lengi reynt að fá útskýringar á Nauthólsvegi 100 en það gekk illa.

Björn Gíslason, borgarfulltrúi



„Þetta kemur svo sem í kjölfar þeirra mála sem hafa verið í umræðunni. Við í innkauparáði höfum lengi reynt að fá útskýringar á Nauthólsvegi 100 en það

gekk illa. Með þessu viljum við að innkauparáð hafi veigameira hlutverk sem verði fyrst og fremst tengt eftirliti,“ segir Björn.

Björn bendir á að hið fornkeðna betur sjá augu en auga eigi vel við í þessu tilfalli. Oftar en ekki séu það gífurlega stór mál og háar upphæðir sem séu undir. Því sé mikilvægt að tveir fulltrúar, sem oftast séu minnihlutans hverju sinni, geti vísað málum til IER.

„Ef mönnum er alvara með að bæta hlutina þá er þetta stór hluti af því. Við höfum engan annan kost úr því sem komið er en að reyna að gera hlutina betur. Ég á því ekki von á öðru en að þessari tillögu verði vel tekið á fundinum á morgun,“ segir Björn. – jõe

Rótarhópar fyrir konur með fíknivanda

Rótin, félag um málefni kvenna með fíknivanda, hrindir af stað hópastarfi í Bjarkarhlíð á miðvikudag. Byggt er á aðferðum Stephanie Covington sem litur á fíkn sem afleiðingu áfalla. Hóparnir veita stuðning og fræðslu um önnur bjargráð en neyslu til þess að komast af.

SAMFÉLAG Rótin, félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, hefur stofnað til sjálfshjálparhópastarfs í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, sem kallaðir eru Rótarhópar. Hópastarfinu er ætlað að styðja konur til bata frá vímuefnafíkn og er það konunum að kostnaðarlausu að sækja sér stuðning í hópnum. Í Rótarhópnum er unnið út frá þekkingu á sambandi áfalla og vímuefnavanda og er þátttaka í þeim aðeins hluti af bataferlinu að sögn aðstandenda. „Engin skyndilækning er til á áhrifum áfalla og allt lífið erum við að skoða fortíð okkar, læra af henni og skapa okkur betri framtíð í kjölfarið,“ segir Guðrún Ebba Ólafsdóttir, annar tveggja leiðbeinenda Rótarhópanna. Guðrún Ebba er grunnskólakennari og hefur leitt sjálfshjálparhópa í Stígarmótum og Drekaslóð. Hinn leiðbeinandi, Katrín G. Alfredsdóttir, er félagsráðgjafi, fjölskyldufræðingur og með gráðu í fíknifræðum.

Umræðuefni hópnum tengjast



Stephanie Covington er doktor í sálfræði og þekktur fíknisérfræðingur.

viðfangsefnum námskeiðsins Konur studdar til bata, sem Rótin hélt í haust, þar sem aðaláherslan var á sjálfmynd, sambönd og samskipti, kynverund og andlega heilsu kvenna með fíknivanda. „Innan þessara þátta eru undirflokkar sem allir snerta mikilvæg atriði fyrir konur í bataferli. Spurt er hvað kom fyrir konurnar í stað þess að spyrja hvað sé að þeim. Hvernig þær hafi



Katrín Alfredsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir og Þórlaug Sveinsdóttir skipa ráð Rótarinnar.

Hvað er Rótin?

Markmið Rótarinnar eru að stofna til umræðu um konur, fíkn, áföll, ofbeldi og geðheilbrigði og huga að sérstökum meðferðarráðum fyrir konur. Félagið vill að komið sé á samstarfi á milli stofnana, samtaka og annarra fagaðila sem fást við vímuefnameðferð, ofbeldi og úrvinnslu áfalla. Félagið vill beita sér fyrir öflun upplýsinga og úrvinnslu fyrirbyggjandi gagna um þessi málefni konum til góða, og stuðla að rannsóknum á þessu sviði. Enn fremur að afla þekkingar, halda fyrirlestra, standa að ráðstefnum og námskeiðum, eitt eða í samstarfi við önnur félög, og efla umræður um fíknitengd málefni sem snerta konur sérstaklega.

komast af og til hvaða bjargráða hver og ein þeirra hafi gripið. Rætt er um nýjar aðferðir til að takast á við vandann í stað þess að grípa til þess að nota vímuefni.“

Guðrún Ebba segir það hafa verið draum kvennanna sem að

Rótinni standa frá byrjun að stofna hópastarf, eða eins konar stuðningshópa, að fyrirmynd Stephanie Covington, sem er þekktur fíknisérfræðingur og doktor í sálfræði frá Bandaríkjunum. „Stephanie horfir á fíknina í gegnum áföllin,

sem afleiðingu þess sem kom fyrir,“ útskýrir Guðrún Ebba. „Við teljum brýna þörf á svona starfi og það hefur mikið verið kallað eftir að Rótin verði með fundi eða einhvers konar hópastarf. Þetta er okkar svar við því.“ olof@frettabladid.is

Hörkustöff frá náttúrunni. Í flösku.

Gefur þér kraft til að færa fjöll. Ég á við... pínulítil fjöll.



Þessi smoothie innihalda C-vítamín sem á sinn þátt í að draga úr þreytu og magnleysi. Að neyta þeirra er hluti af heilbrigðum lífsstíli og hollu og fjölbreyttu mataræði.

innocent

Breskir ráðherrar biðla til þingmanna að samþykkja Brexit

BRETLAND Ráðherrar í ríkisstjórn Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, róu nú að því öllum árum að fá þingmenn breska þingsins til að samþykkja Brexit-samning ríkisstjórnarinnar en atkvæðagreiðsla um samninginn fer fram á morgun.

Forsætisráðherrann ritaði grein í dagblaðið Sunday Express í gær þar sem hún hvatti þingmenn til þess að kjósa Brexit-samning sinn og sagði annað „öfyrirgefandleg svik gegn trausti á lýðræðinu“.

Á sama tíma er ljóst að stjórnar-

andstaðan brýnir hnifana en flestir stjórnmalaskeyrendur í Bretlandi telja ólíklegt að samningurinn verði samþykktur og undirbýr Verkamannaflokkurinn nú vantrauststillögu á hendur ríkisstjórninni eins fljótt og auðið er verði samningnum hafnað á morgun.

Æ fleiri innan Verka-



Theresa May.

» Atkvæðagreiðsla um Brexit-samninginn fer fram á morgun.

mannaflokksins telja að flokkurinn eigi að styðja aðra þjóðaratkvæðagreiðslu um málið en enn sem komið er er stefna flokksins að boða til nýrra þingkosninga og endursemjá um Brexit.

Brexit-málaráðherrann Stephen Barclay sagði í samtali við BBC að ríkisstjórnin sé búin undir atburðarásina sem geti farið af stað verði samningnum hafnað. Hann hvetur á sama tíma þingmenn til þess að virða niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar frá 2016.

Aðspurður hvað ríkisstjórnin muni gera verði samningurinn felldur, segir Barclay að hann búist við því að „neðri deildin muni styðja einhvers konar samning svipaðan þessum“.

Miklar vangaveltur eru um atburðarás næstu daga en breskir miðlar hafa greint frá orðrómi þess efnis í dag og í gær að þverpólísk samstaða ríki meðal fjölda þingmanna um að taka Brexit-málin úr höndum ríkisstjórnarinnar, fari svo að samningi May verði hafnað á morgun. – oæg



Trump forseti. NORDICPHOTOS/GETTY

Segist ekkert hafa að fela

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti þvertur fyrir að hafa leynt upplýsingum um fundi sína með Vladímír Pútín Rússlandsforseta með nokkrum hætti að því er fram kemur í erlendum miðlum.

Forsetinn tjáði sig um umræddar ásakanir í viðtali á Fox News í gær og sagðist láta sig slíkar fréttir lítið varða, hann hefði ekkert að fela.

Er forsetinn þar að bregðast við fréttum þess efnis að hann hafi að minnsta kosti fimm sinnum leynt upplýsingum um persónulega fundi með Pútín frá samstarfsmönnum sínum í ríkisstjórn og meðal annars haldlagt glósur frá túlki sínum í eitt skiptið.

„Ef þú lest greinina þeirra, þá sérðu að þau fundu ekki neitt,“ sagði Trump meðal annars í viðtalinu við Fox News og vísaði þar í umfjöllun New York Times, sem í fyrradag birti fyrst fréttir þess efnis að þarlend lögregluvirvöld hefðu hafið rannsókn á Trump um leið og hann rak James Comey úr embætti yfirmanns alríkislögreglunnar.

Miðaði rannsóknin að því að komast að því hvort Trump væri að ganga erinda erlendra ríkisstjórnar. „Þessi frétt var algjör móðgun og New York Times er ómurlagt fréttablað. Þetta er hræðilegur hlutur sem þeir sögðu.“

Aðspurður á Fox af hverju hann vildi ekki birta upplýsingar úr umræddum samtölum við Pútín, ýjaði forsetinn að því að hann væri til í að gera það.

„Ég myndi gera það. Mér er alveg sama ... ég er ekki að fela neitt. Mér gæti ekki verið meira sama.“ – oæg

Handtóku helsta andstæðinginn

VENESÚELA Juan Guaidó, einn helsti andstæðingur ríkisstjórnar Venesúela, var handtekinn af leyniþjónustu landsins í gær. Honum var sleppt um klukkustund síðar.

Guaidó fer fyrir þingi landsins en þar hafa stjórnarandstæðingar meirihluta. Þingið er að visu valdlaust eftir að hæstiréttur svipti það völdum. Hann lýsti yfir helgi að hann væri reiðubúinn til að setjast í stól forseta en Nicolás Maduro, forseti landsins, mun sverja embættiseið öðru sinni á fimmtudag. Stjórnarandstæðingar telja að brögð hafi verið í tafla við endurkjör hans.

Upplýsingaráðherrann, Jorge Rodríguez, lýsti yfir að leyniþjónustan hefði handtekið Guaidó upp á eigin spýtur, gegn vilja forsetans. Það hefur verið dregið í efa af stjórnarandstæðingum. – jóe

VÍNBÚÐIN SKEIFUNNI

LOKAÐ

VEGNA BREYTINGA

Vínbúðin í Skeifunni er lokað vegna breytinga en opnar aftur í mars. Við bendum viðskiptavinum á að næstu Vínbúðir við Skeifuna eru í Skútuvogi (með lengri opnunartíma), Kringlunni og Borgartúni.

Við þökkum þolinmæðina og hlökkum til að taka á móti ykkur í glæsilegri Vínbúð.

SKOÐUN

Allir græða



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Íslendingar hafa venjulega nokkuð gaman af að monta sig af því þegar þeir fara fram úr öðrum þjóðum. Þeir ættu þó ekki að hreykja sér af þeirri staðreynd að þeir vinna meir en flestar nágrannþjóðir þeirra. Vissulega er það svo að enginn þrífst verulega vel í iðjuleysi og vinnan göfgar manninn svo lengi sem hún er uppbyggileg. Þegar hún er orðin slitandi er alls ekkert göfugt við hana.

Við búum í ríku samfélagi en ansi oft er eins og ætlast sé til þess að almenningur fái ekki að njóta góðs af því. Það er eins og gróðinn eigi bara að vera fyrir útvalda. Ekki er heldur hugað að því í nógu ríkum mæli að breyta hlutum til batnaðar. Það er eins og talið sé að íslenska leiðin eigi að vera sú að gera almenningi lífið hæfilega erfitt. Dæmi um þetta er að ærfríðara er fyrir ungt fólk að eignast þak yfir höfuðið, fjölmargir í þeim hópi eiga ekki annan kost en að hirast í foreldrahúsum langt fram á fullorðinsá eða fara á leigumarkað með þeim afarkostum sem því fylgja. Slikt hlutskipti rýrir kjör fólks verulega. Til hvers eru svo stjórnálagmenn ef ekki einmitt til að leysa slíkan vanda? Það er hlutverk þeirra að þjóna þjóð sinni, en því miður muna þeir það alltof sjaldan og taka sérhagsmunum áberandi oft fram yfir almanna-

hag. Vinnuálag er annað mein í íslensku samfélagi. Þjóðin vinnur mikið en uppsker ekki í samræmi við það. Þetta eru tímar þegar æ fleiri líða vegna of mikils álags í vinnu. „Kulnun í starfi“ er ekki tilbúið hugtak sérfræðinga sem hafa unun af að gefa öllu sérstakt heiti, heldur mein sem margir á vinnumarkaði þekkja af eigin reynslu. Svo að segja allir þekkja síðan einstakling sem hefur að lækniáráði þurft að taka sér frí frá vinnu vegna þess að álag var að buga hann.

Einmitt á þeim tíma þegar kulnun í starfi og vinnuálag er mjög til umræðu kemur hugmynd inn í kjaraviðræður sem er svo skynsamleg og líkleg til árangurs að ekki er hægt að hafna henni. Hún snýst um styttingu vinnuviku, án launaskerðingar. Slík breyting myndi leiða margt gott af sér, skapa meiri velliðan og öryggi meðal starfsmanna og um leið gera þeim kleift að eiga aukinn frítíma fyrir fjölskyldu og áhugamál sín og njóta þannig lífsins í enn ríkara mæli en áður.



Atvinnurekandinn ætti ekki að fyllast kvíða eða pirringi við tilhugsun um að vinnuvika starfsmanna hans styttest. Þar sem vinnuvikan hefur verið stytt hafa afköst starfsmanna aukist og þeir eru einnig ánægðari í vinnunni. Velliðan starfsmanna á að skipta atvinnurekandann máli, ef hann lætur sér á sama standu um velferð þeirra þá er hann ekki sérlega vel heppnuð manngerð. Enn eitt skref í átt til þess að skapa velliðan í starfi er síðan að hafa vinnutíma sveigjanlegan, sé þess nokkur kostur.

Stytting vinnuvikunnar verður vonandi að raunveruleika á þessu ári. Það, ásamt sveigjanlegum vinnutíma, er framfaraspör sem kemur öllum til góða. Niðurstaðan getur ekki orðið önnur en afar ánægjuleg, sem sagt sú að allir græða.



Það er eins og talið sé að íslenska leiðin eigi að vera sú að gera almenningi lífið hæfilega erfitt.

Halldór



ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ ~~BORGAR~~ HORFIR Á

Frá degi til dags

Margt skritið í kýrhausnum
Með reglulegu millibili gerist það að stjórnvöld komi manni á óvart. Fyrir hálfu ári hélt Ísland upp á aldarafmæli með rándýrum, nær mannlausum, þingfundi á Þingvöllum. Þingið samþykkti þar meðal annars að gefa Hafrannsóknastofnun nýtt skip. 300 milljónum yrði varið í hönnun þess og 3,2 milljörðum í að smíða það. Jólagoðin var hins vegar af talsvert öðrum toga því nú skal Hafró skera niður um þrjú hundruð milljónir króna. Eitthvað virðist ekki hafa verið hugsað til enda herna.

Aftur til fortíðar
Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður og borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, var meðal gesta í Silfrinu í gær. Í umræðum um uppáhaldsbragga borgarbúa sagði hún meðal annars að „dómstólar“ gætu ef þörf þætti tekið málið til rannsóknar. Það væri auðvitað nokkuð skritið ef svo væri enda talsvert síðan slíkt réttarfar var við lýði hér á landi. Það þótti ekki heppilegt fyrirkomulag að rannsóknar- og dómvald væri á sömu hendi.

Þá mátti einnig brosa örlítið þegar Heiða talaði um framgöngu héraðsskjalastjóra í málinu enda slíkur ekki til. joli@frettabladid.is

Opinbert fé leitt til slátrunar



Eypör Arnalds
oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn

Viðmið um hvað má breytast í tímans rás. Lög og reglur líka. Lög um meðferð opinberra fjármuna og upplýsingar hafa styrkst og viðurlög verið hert. Engu að síður sjáum við dæmi þess að opinberu fé er stundum sólundað án þess að nokkur axli á því ábyrgð. Skólabókardæmið er braggamálið, þar sem hátt í hálfum milljarði var sólundað í ólög- bundið verkefni. Allt brást frá upphafi til enda, en verkinu er reyndar ekki enn lokið. Í braggamálinu er staðfest að sveitarstjórnarlög og lög um skjalasöfn voru brotin. Og háar fjárhæðir greiddar án heimildar. Reglur borgarinnar um innkaup voru brotnar og gefnar voru upp rangar upplýsingar til borgarráðs. Tölvupóstum og afritum var eytt. Þetta er allt staðfest í skýrslu Innri endurskoðunar borgarinnar. Eftir standa tvö mál sem þarfnast frekari skoðunar.

Í fyrsta lagi var ekki kannað hvort hinir undarlegu, háu reikningar væru tilhæfulausir, en fjárhæð einstakra verka hefur vakið athygli. Í öðru lagi hvernig á því stóð að lög um skjalavörslu voru brotin líkt og staðfest er í skýrslunni. Og tölvupóstum eytt án þess að tryggja að skjöl og upplýsingar væru vistuð í skjalakerfi eins og löggin gera ráð fyrir. Hvort tveggja þarf að kanna. Við höfum lagt til að Borgarskjalasafn fari yfir skjalamálin enda er mikilvægt að braggamálið verði að fullu upplýst sem víti til varnaðar.

Braggaverkefnið hófst á síðasta kjörtímabili en þá voru Piratar við völd. Árið 2015 gaf Innri endurskoðandi út svarta skýrslu um skrifstofu eigna (SEA) með 30 ábendingum. Ef farið hefði verið eftir þeim hefði braggahneykslinu verið afstýrt. Piratar bera því ábyrgð á stöðunni enda með formennsku í stjórnkerfisráði borgarinnar. Viðreisn kom ný inn í borgarmálin og hefur tækifæri til að taka af festu á málinu. Það er öðru nær. Enginn hefur axlað ábyrgð. Það er kominn tími á ný viðmið í því hvernig farið er með skattfé. Þeir flokkar sem talað hafa gegn spillingu og boðað gagnsæi hafa nú prófmál á herðum sér.



Þeir flokkar sem talað hafa gegn spillingu og boðað gagnsæi hafa nú prófmál á herðum sér.

Simaveski.is



Simaveski,
heyrnartól, snúrur
og allt fyrir
símann.

Simaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Hvað trompar lýðheilsu?

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Það er ekki augljóst hver munurinn er á því að tala um lýðheilsu og einfaldlega bara heilsu, en ég geri ráð fyrir að með því að tala um lýðheilsu og markmið um betri lýðheilsu sé átt við eitthvað sem skapar almennt betri heilsu. Það er verið að ræða um eitthvað sem gerir lífið betra fyrir ótrúlega marga í einu.

Sumir myndu segja að þetta ætti að vera markmiðið í stjórnmálum. Að gera lífið betra fyrir mjög marga í einu. Helst alla. Þetta mistekst oft. Sumir segja að í stjórnmálum takist mönnum yfirleitt á einhvern ótrúlegan hátt, hvað eftir annað, að gera lífið verra fyrir mjög marga í einu.

Málið er það, að oft blasir ekki fyllilega við hvað er fólk fyrir bestu, hvað bætir lífið. Það er hægt að taka arfaslakar ákvarðanir í þeim efnum. Sérstaklega finnst mér misheppnað þegar forystufólk ætlar sér að taka heilsufarsákvæðanir fyrir alla aðra. Ég held að það sé ekki hægt að bæta heiminn með forræðisbyggju nema að mjög takmörkuðu leyti. Hvatning og fræðsla, í frjálsu og upplýstu samfélagi þar sem fólk ber ábyrgð á sjálfu sér, er betri blanda. Lög um skokk væru til dæmis fásinna.

Að því sögðu blasir þó hitt líka við: Sumt þarf að ákveða. Það er ekkert annað í boði. Við getum ekki bæði haft vinstri og hægri umferð. Það verður að vera annað hvort. Sama gildir um klukkuna. Hún þarf að vera stillt einhvern veginn.

Nýjar rannsóknir

Árið 1968 var ákveðið á Íslandi að hafa klukkuna stillta þannig að birta í síðdeginu yrði meiri yfir árið heldur en birta á morgnana. Jafnframt fannst fólk í viðskiptalífnum fínt að vera nálægt Evrópu í tíma, ef senda ætti telefax. Sumartími var festur í sessi. Fólk sem stundar til dæmis golf síðdegis á haustin og snemma á vorin nýtur góðs af þessu. Fólk sem vill grilla síðdegis í dagsbirtu getur gert það oftar yfir árið. Ég ætla ekki að gera lítið úr þessum dásemdum. Á síðari árum hefur hins vegar komið í ljós, og það er stutt rannsóknunum sem nýverið fengu Nóbelsverðlaunin, að það sem skiptir mestu, þegar kemur að klukkunni, er að klukkan á úlniðnum sé í samræmi við sólargang og líkamsklukkuna. Þegar sólin er hæst á lofti yfir daginn, þá á klukkan að vera sem næst því að slá tölfrétt, en ekki hálf tvö eins og nú er. Ef opinbera klukkan er vanstillt, hefur það margvísleg slæm líkamleg og andleg áhrif.

Preytt þjóð

Nefnd sérfræðinga, sem nú hefur skilað skýrslu um þetta mál, og mælt sterktlega með klukkubreytingu, er miklu betri í að rekja vísindin á bak þetta en nokkurn tímann ég. Veruleikinn segir hins vegar sína sögu. Út af rangri klukku eru Íslendingar látnir vakna á hverjum virkum degi um miðja nótt. Sú tilhögun felur í sér sérstaklega ómurlega aðför að ungu fólki. Að vekja ungling á Íslandi að morgni skóladags yfir vetrarmánuðina er fyrir mörgum

svipuð reynsla og að reyna að svæla púkann út úr stelpunni í Exorcist.

Íslendingar hafa verið rændir eðlilegum svefni síðan 1968. Vill Vigdís Hauks ekki skjóta því til héraðssaksóknara? Djók. En í alvöru talað: Getur verið að ævarandi lítil framleiðni á vinnu-markaði, metnotkun geðlyfja og brottfall ungmenna úr skólum, sé eitthvað tengt því að fólk fær ekki að sofa almennilega?

Myrkraöflin

Hvað mælir þá gegn því að breyta klukkunni, og hafa klukkuna stillta í samræmi við náttúruna, líkamsstarfsemi og stöðu landsins á jarðkringlunni? Einhvern veginn þarf hún að vera, og hvers vegna þá ekki þannig? Hér virðist hafa skapast dauðafæri til að bæta líf ótrúlega margra í einu, með einni ákvörðun. Hvað hindrar? Ég lagði nokkrum sinnum fram tillögu um klukkubreytingu á þingi. Það

er skemmst frá því að segja, að ég hef aldrei fengið jafn úrill og nóturleg viðbrögð við nokkru því sem ég hef lagt fram og talað fyrir á lífsleiðinni. Frá örfáum aðilum. Eiginlega voru viðbrögð þeirra þess eðlis að þau vöktu grunsemdir í sjálfu sér um slæman svefn fólks. Ég var vændur um að hafa ekkert fram að færa annað en bara eitt-hvert klukkuhjal. Klukkumálið var talið bera málefnafátækt minni, og stjórnmálahreifyngingarnar, vitni.

Viðbrögðin voru eins og handabendingar og hrakyrði vansvefta fólks sem vakið er um miðja nótt.

Þetta eru myrkraöflin, gæti ég svarað álíka vansvefta. Það er réttnefni. Þau vilja jú að fólk byrji daga sína sem oftast örþreytt í svartamyrkri. Eða hvað? Spurningar blasa við. Þær eru mjög athyglisverðar. Er lýðheilsa léttvæg? Er hægt að réttlæta þannig pólitík til lengri tíma? Hvað trompar lýðheilsu?



Orkumarkaðir í mótun:

Verðmætasköpun og þjóðarhagur

Hvernig fást sem mest verðmæti úr orkuaudlindum Íslands?

Hvar stendur íslenskur raforkumarkaður í alþjóðlegum samanburði?

Hvernig er viðskiptum með raforku til stórnotenda háttáð og hver eru tækifærin til framtíðar?

Dagskrá

Magnús Árni Skúlason hagfræðingur hjá Reykjavík Economics og Gunnar Haraldsson hagfræðingur hjá Intellecton kynna nýja skýrslu; „Orkuaudlindir Íslendinga og hagsæld til framtíðar.“ Skýrslan verður aðgengileg á Landsvirkjun.is.

Valur Ægisson og Dagný Ósk Ragnarsdóttir hjá viðskiptagreiningu Landsvirkjunar fjalla um raforkuviðskipti stórnotenda og tækifæri Íslands.

Pallborðsumræður

Magnús Árni Skúlason, Gunnar Haraldsson og Stefanía G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun. Krístrún Frostadóttir, aðalhogfræðingur Kviku, stýrir pallborði.

Fundarstjóri er Signý Sif Sigurðardóttir, forstöðumaður fjárstýringar.



Hilton Reykjavík Nordica
Þriðjudagur 15. janúar
kl. 8:30–10:00 (morgunkaffi hefst kl. 8:00).

Verið öll velkomin
Skráning á www.landsvirkjun.is.



FÁÐU SÓL Í SUMAR

Á GRAN CANARIA

BEINT FLUG
VIKULEGA MEÐ
ICELANDAIR

BETRI SÆTI Í BOÐI
AFPREYINGAREFNI OG
PRÁDLAUST NET UM
BORÐ

Úrval Útsýn hefur verið ferðafélagi Íslendinga í 64 ár. Góð þjónusta og fjölbreytt ferðaframboð hefur verið í fyrirrúmi til að bjóða ykkur ánægjulegar ferðir. Vinahópar og stórfjölskyldur ættu að finna hótél eða íbúðagistingu sem hentar hvaða fjölda sem er. Á flestum sólaráfangastöðum Úrvals Útsýnar er íslenskur fararstjóri og að sjálfsgöðu eru 20 kg ferðataska og handfarangur innifalin í verði.

APARTAMENTOS TENEGUIA **
ENSKA STRÖNDIN



10.-17. JÚNÍ 7 NÆTUR
Íbúð með 1 svefnherbergi og sundlaugarsýn án fæðis.

VERÐ FRÁ 73.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 85.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL ***
ENSKA STRÖNDIN



1.-8. JÚLÍ 7 NÆTUR
Smáhýsi með 2 svefnherbergjum án fæðis

VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn.
Verð frá 118.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BUNGALOWS CORDIAL BIARRITZ ***
ENSKA STRÖNDIN



22.-29. JÚLÍ 7 NÆTUR
Smáhýsi með 2 svefnherbergjum án fæðis

VERÐ FRÁ 107.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn.
Verð frá 130.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

APARTAMENTOS DOROTEA **
ENSKA STRÖNDIN



29. JÚLÍ – 5. ÁGÚST 7 NÆTUR
Íbúð með 2 svefnherbergjum án fæðis

VERÐ FRÁ 91.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn.
Verð frá 115.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

CORONA BLANCA **
ENSKA STRÖNDIN

